

Árið 1989 tóku bændur undir Eyjafjöllum sem rekið höfðu fé inn á Almennunga ákvörðun um að friða það landsvæði fyrir beit og hófu þar uppgræðslu á eigin kostnað, sem og með styrk Landgræðslu ríkisins og fleiri aðila, var þetta gert í samræmi við samning við Landgræðslu ríkisins. Þeim samningi var sagt upp af hálfu bænda eftir árið 2000 en bændur héldu þó öflugum landgræðslustarfi áfram og ráku þá þegar ekki inn á Almennunga.

Árið 2007 féll dómur Hæstaréttar (nr. 25/2007) í máli ríkisins gegn bændum vegna eignarhalds á Almennungum. Dómur féll með þeim hætti að land sem bændur töldu sína réttmætu eign, skv. þinglýstum gögnum, var af Hæstarétti talin afréttareign bænda, en í afréttareign felast m.a. þau réttindi að bændum er heimill upprekstur fjár á landsvæðið.

Árið 2009 tilkynntu bændur til Skógræktar ríkisins, héraðsnefndar vegna gróðurverndarnefndar, sveitarstjórnar og Landgræðslunnar að þeir hygðust hefja upprekstur fjár inn á Almennunga í hóflegum mæli. Þessi ákvörðun var tekin eftir áralangt uppgræðslustarf og að mati bænda komin ágætur hagi fyrir takmarkaðan fjölda fjár.

Að beiðni frestuðu bændur upprekstri árið 2010 vegna goss í Eyjafjallajökli. Árið 2011 frestuðu bændur enn upprekstri skv. beiðni og féllust á að taka þátt í úttekt gróðurs með tilliti til beitarþols. Úttekt þessi var síðan gerð án þess að bændur kæmu þar að málum nema mjög takmörkuðu leiti m.a. var ekki leitað eftir skoðunum þeirra. Þessi úttekt fól ekki í sér samanburð við aðra afrétti í nágrenninu m.a. Fljótshlíðarafrétt, sem er í seilingarfjarlægð frá Almennungum og hvar fé er rekið til beitar.

Samningaviðræður við Landgræðslu ríkisins, umhverfisráðuneytið, forsætisráðuneytið og sveitarstjórn hafa staðið í 3 ár um hvernig haga skuli nýtingu afréttarins. Samningar hafa ekki tekist m.a. vegna þess að svo virðist sem yfirvöld og þá sérstaklega Landgræðsla ríkisins og umhverfisráðuneytið séu staðráðin að heimila bændum ekki að nýta rétt sinn og það þrátt fyrir að bændur hafi unnið að uppgræðslu árum saman til að koma landinu í beitarhæft ástand og hafa aldrei gert ráð fyrir öðru en að nýta afréttinn nema með hóflegum hætti. Áðurgreind yfirvöld halda þessu fram jafnvel þó aðrir afréttir s.s. Fljótshlíðarafréttur og Rangárvallafréttur séu nýttir til beitar átölulaust, þó gróðurfar sé þar svipað a.m.k. ekki betra en á Almennungum. Svo virðist sem jafnræði sé ekki haft að leiðarljósi í þeirri stjórnslu sem stofnanir þessa vinna eftir og á köflum virðist stjórnslan byggjast á geðþóttaákvörðunum.

Skógrækt ríkisins fer með málefni Þórsmörkur skv. samningi sem bændur í Fljótshlíð gerðu við Skógræktina 1931. Í þeim samningi var lögð sú skylda á Skógrækt ríkisins að girða af Þórsmörkina til varnar ágangi búfjár. Árið 1989 var uppi ágæt girðing í Þórsmörk sem varði hana ágangi beitar, en árið 1990 var girðing þessi tekin niður af Skógræktinni án þess að hafa nokkurt samráð um það við bændur, en hluti af girðingunni var í eigu bænda. Skógræktin skyldi við upprúllaðar girðingar og girðingarleifar í hirðuleysi inn í Þórsmörk og er svo enn eftir rúm 20 ár.

Eins og áður sagði tilkynntu bændur árið 2009 til Skógræktarinnar að þeir hygðust nýta sér rétt sinn til beitar á Almennungum og það er því ekki rétt sem fram hefur komið að Skógræktin hafi ekki haft nægan fyrirvara til að koma upp girðingu. Tilkynning þessi var send Skógræktinni sem nágranna og til þess gerð að hægt væri að hefjast handa að verja Þórsmörk ágangi, ef vilji væri til þess.

Í umræðunni sem skapast hefur um upprekstur bænda inn á Almennunga hefur gleymst að bændur hafa sjálfir sinnt uppgræðslu á svæðinu með ærinni fyrirhöfn. Þrátt fyrir nokkurn styrk frá Landgræðslu o.fl. þá hefur þetta uppgræðslustarf aðalega farið fram á kostnað bændanna sjálfra. Komið hefur fram í fjölmiðlum að gróður á svæðinu hafi farið illa í Eyjafjallajökuls- og Grímsvatnagosunum. Það er rétt að nokkur hluti svæðins fór illa en hefur náð sér ótrúlega vel þó skammt sé um liðið frá gosi. Ekki hafa bændur orðið varir við að nokkuð af því fjármagni sem veitt var til endurbóta eftir gos hafi komið sérstaklega til uppgræðslu á svæðinu og Landgræðslan ekki að neinu leiti haft forgöngu um landbótastarf á Almennungum né öðrum svæðum sem eru í afréttareigu bænda s.s. Stakksholt og Steinsholt, sem er mjög illa farið.

Sveitarstjórn Rangárbings eystra samþykkti á fundi sínum 20. júlí sl.: Sveitarstjórn hefur nú vegið og metið álit framangreindra aðila og ákveðið að heimila upprekstur á landsvæðið Almennunga, með ákveðnum takmörkunum, í samræmi við álit Gróðurverndarnefndar Rangárvallasýslu. Takmarkanir þessar munu byggja á ítölu sem gerð verður samkvæmt f. lið 1. mgr. 16. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Bændur fagna því að gefið hafi verið leyfi til upprekstrar, en harma jafnframt að bændum sé ekki sjálfum treyst fyrir að nýta landið skynsamlega heldur þurfi ítölu til og er því skiljanleg afstaða þeirra bænda, sem þegar hafa rekið fé á afréttinn.

Þá er jafnframt harmað það ójafnræði sem í þessari ákvörðun sveitarstjórnar felst því aðrir afréttir sveitarfélagsins eru ekki undir þessar takmarkanir settir.

Bændur harma þau viðhorf og upphrópanir sem fram hafa komið í fjölmiðlum og víðar, á þá vegu að þeir séu hryðjuverkamenn, landníðingar o.s.frv. Það er bændum, sem og öllum, hagsmunir að fara vel með eigin sínar hverju nafni sem þær nefnast, það þekkja bændur mæta vel.

Guðmundur Viðarsson, formaður stjórnar félags afréttareiganda á Almanningum